



Alþingi
Erindi nr. P 127/115/
komudagur 12.3.2002

LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK
Hverfisgötu 115 – Sími 569 9000 – Telefax 569 9099

ES/vós

Reykjavík, 11. mars 2002.

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dagsettu 22. f.m., barst þessu embætti til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, 140. mál, hægri beygja á móti rauðu ljósi.

Farið hefur verið yfir frumvarpið og er niðurstaða embættisins sú að ekki sé unnt að mæla með því að frumvarpið verði að lögum í óbreyttri mynd. Embættið telur að með því að heimila hægri beygju á móti rauðu ljósi sé verið að auka slyshættu. Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til þess að þetta fyrirkomulag tíðkist í Bandaríkjunum og Kanada. Embættið telur vafasamt að umferð í þessum löndum verði talin sambærileg við umferð hér á landi hvort sem er að þessu leyti eða öðru. Má að sama skapi telja það til röksemda gegn því að taka upp þetta fyrirkomulag hér á landi að svo virðist sem það hafi ekki verið tekið upp annars staðar í heiminum en í nefndum löndum.

Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi samantektar varðstjóra í umferðardeild embættisins.


saksóknari

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

vegna frumvarps til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30 mars 1987.

Undirritaður er alfarið á móti þeirri breytingu á umferðarlögum sem hér er til umræðu þ.e.a.s að leyfa hægri beygju á móti rauðu ljósi.

Í Reykjavík þar sem flest umferðarljós eru á landsvísu er lengsti hugsanlegi biðtími á rauðu ljósi 60 sek, er það á fáum stöðum (á Miklubraut), algengasti biðtími umferðarljós er **20 – 30 sek.** Er því sá tími sem tapast við bið á rauðu ljósi því sáralítill . Umferðarljós stýra álagi um akbrautir og gefur það því auga leið að á álagstímum er það mikil umferð **að ekki mundi gefast tækifæri til að taka hægri beygju á móti rauðu ljósi nema að stofna annari umferð verulega í hættu.** Umferð utan álagstíma er í flestum tilfellum hraðari og því fylgir aukin slyshætta og slys verða alvarlegri eins og rannsóknir hafa sýnt.

Í greinargerð sem fylgir frumvarpinu er tekið fram að þessi regla hefur um langt árabil verið til staðar í Bandaríkjunum og Kanada, einnig er minnst á í greinargerðinni að **óheppilegt** geti verið að leyfa hægri beygju á móti rauðu ljósi í einhverjum tilfellum og skal þá það sérstaklega tekið fram með þar til gerðum merkjum. Ekki kemur fram í greinargerðinni hvaða tilvik það eru sem eru óheppileg, en vitað er að í Bandaríkjunum og Kanada eru í flestum tilfellum **óleyfilegt** að taka hægri beygju á móti rauðu ljósi þar sem umferð **gangandi vegfarenda** skarar akbrautir. Nú er það svo að hér í Reykjavík og svo til á landinu öllu eru svo til **öll umferðarljós** um gatnamót einnig með gönguljósum, **þar sem umferð gangandi vegfarenda er reiknuð með í biðtíma** ljósanna og réttur gangangi vegfarenda er virtur. Ef umrætt frumvarp nær fram að ganga er líf og limir gangandi vegfarenda settir í stórkostlega mikla hættu.



Árni Friðleifsson
varðstjóri
Umferðardeild
Lögreglan í Reykjavík